

Flokkar endurvinnanlegs úrgangs.

Skilað á móttökustað eða í móttökugáma.

PAPPÍR:

Í þennan flokk má fara: Dagblöð, tímarit og annar glanspappír, prentpappír, umslög (líka gluggaumslög), og umbúðapappír. **Ekki handþurrkur og eldhúspappír. Pappírinn má ekki vera blautur og ekki í umbúðum úr plasti eða öðrum efnum.**

Sléttur pappi:

Í þennan flokk má fara: Fernur, morgunkornspakkar, eggjabakkar og kassar utan af kexi eða sambærilegar umbúðir. **Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem leynast í pappumbúðum og skola og láta fernurnar þorna vel, slétti pappinn má ekki vera blautur.** Hefti og smærri gormar eru óskaðleg.

Bylgjupappi:

Í þennan flokk má fara: Pappakassar og aðrar umbúðir úr bylgjupappa. Bylgjupappa er hægt að þekkja af bylgjum sem sjást ef brúnir hans eru skoðaðar. Bylgjupappinn má vera áprentaður, plasthúðaður og litsterkur, límbönd og hefti eru í lagi. **Pappinn þarf að vera án matarleifa og má ekki vera blautur.**

Ólitað plast: (Glært plast)

Í þennan flokk má fara: Allt plast sem er glært og mjúkt, **enginn litur.** Til dæmis plastfilma, plastpokar og aðrar plastumbúðir sem eru mjúkar. Límmiðar eru í lagi. **Plastið þarf að vera án matarleifa. Fer í sama op á gámnum og litað plast, æskilegt að setja ólitað plast í ólitaða plastpoka í gáminn.**

Litað plast:

Í þennan flokk má fara: Allt plast sem er mjúkt og litað. Til dæmis innkaupapokar og plast utan af kexi. **Hafa þarf í huga að hvítt plast er litað. Plastið þarf að vera án matarleifa. Fer í sama op á gámnum og ólitað, æskilegt að setja litað plast í litaða plastpoka í gáminn.**

Hart plast:

Í þennan flokk má fara: Sjampóbrúsar, tómatósufloöskur, ílát undan mjólkurvörum, ílát undan hreinsiefni og fl. **Umbúðir verða að vera án matarleifa eða annarra óhreininda. Athugið að ekki er hægt að flokka frauðplast (einangrunarplast) til endurvinnslu.**

Athugið:

Mikilvægt er að vanda flokkunina eins og mögulegt er, það sparar vinnu. Við viljum biðja ykkur að vanda sérstaklega flokkun á pappírnum, hann fer beint í endurvinnslu í stóru pokunum. Ekki setja neitt í stóru pokana í plastpokum nema plastið eins og leiðbeiningarnar hér að ofan segja. Plast og ál saman er ekki endurvinnanlegt td. Prins Póló umbúðir, flestir kaffipokar, sumar kexumbúðir og sambærilegt.

Sorpsamlag Strandasýslu sími 893 3531 og 894 0031